

Efnisyfirlit

8. BEKKUR **4**

ÍSLENSKA	4
BÓKMENNTIR OG LESTUR	4
RITUN	4
MÁLFRÆÐI	5
TALAÐ MÁL OG HLUSTUN	5
STÆRÐFRÆÐI	6
STÆRÐFRÆÐI OG TUNGUMÁL	6
LAUSNIR VERKEFNA OG ÞRAUTA	6
RÖKSAMHENGINGI OG RÖKSEMDAFÆRSLUR	6
TENGLI VIÐ DAGLEGT LÍF OG ÖNNUR SVIÐ	7
TÖLUR	7
REIKNIAÐGERÐIR, REIKNIKUNNÁTTA OG MAT	7
HLUTFÖLL OG PRÓSENTUR	8
MÝNSTUR OG ALGEBRA	8
RÚMFRÆÐI	8
TÖLFRÆÐI OG LÍKINDAFRÆÐI	9
ÍÞRÓTTIR	9
SUND	10
LÍFFRÆÐI	11
LÍFSLEIKNI	12
LANDAFRÆÐI	13
SAGA, (SAMFÉLAGSFRÆÐI E. ÁRAMÓT)	13
TRÚARBRAGÐAFRÆÐI, (SAMFÉLAGSFRÆÐI F. ÁRAMÓT)	14
DANSKA	14
ENSKA	15
HANNYRÐIR	16
HEIMILISFRÆÐI	17
HÖNNUN OG SMÍÐI	17
UPPLÝSINGATÆKNI	18
MÝNDMENNT	20

9. BEKKUR **21**

ÍSLENSKA	21
STÆRÐFRÆÐI	23
STÆRÐFRÆÐI OG TUNGUMÁL	23
LAUSNIR VERKEFNA OG ÞRAUTA	24
RÖKSAMHENGINGI OG RÖKSEMDAFÆRSLUR	24
TENGLI VIÐ DAGLEGT LÍF OG ÖNNUR SVIÐ	24
TÖLUR	25
REIKNIAÐGERÐIR, REIKNIKUNNÁTTA OG MAT	25
HLUTFÖLL OG PRÓSENTUR	25
MÝNSTUR OG ALGEBRA	26

RÚMFRÆÐI	26
TÖLFRÆÐI OG LÍKINDAFRÆÐI	26
LÍFFRÆÐI	27
EÐLISFRÆÐI	28
STJÖRNUFRÆÐI:	29
SAGA	30
LANDAFRÆÐI	30
LÍFSLEIKNI	31
DANSKA	32
ENSKA	33
ÍÞRÓTTIR	34
SUND	34
HÖNNUN OG SMÍÐI – VAL	35
LJÓSMYNDUN – VAL	35
HÖNNUN – SAUMAR VAL	35
ÍÞRÓTTIR – VAL	36

10. BEKKUR **37**

ÍSLENSKA	37
LESTUR	37
TALAÐ MÁL OG FRAMSÖGN	37
RITUN	37
BÓKMENNTIR	37
MÁLFRÆÐI	37
NÁMSEFNI	38
STÆRÐFRÆÐI	38
STÆRÐFRÆÐI OG TUNGUMÁL	38
LAUSNIR VERKEFNA OG ÞRAUTA	38
RÖKSAMHENGI OG RÖKSEMDAFÆRSLUR	39
TENGLI VIÐ DAGLEGT LÍF OG ÖNNUR SVIÐ	39
TÖLUR	39
REIKNIAÐGERÐIR, REIKNIKUNNÁTTA OG MAT	40
HLUTFÖLL OG PRÓSENTUR	40
MYNSTUR OG ALGEBRA	40
RÚMFRÆÐI	41
TÖLFRÆÐI OG LÍKINDAFRÆÐI	41
ÍÞRÓTTIR	43
SUND	44
NÁTTÚRUFRAEÐI	44
ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐI	46
DANSKA	46
LÍFSLEIKNI OG BEKKJARFUNDUR	47
ENSKA	49
VETTVANGSNÁM – STARFSFRÆÐSLA	49
HÖNNUN OG SMÍÐI – VAL	50
LJÓSMYNDUN – VAL	50
HÖNNUN – SAUMAR VAL	50
ÍÞRÓTTIR – VAL	51

8. bekkur

Umsjónarkennari: Lilja Guðný Jóhannesdóttir

Íslenska

Kennari: Lilja Guðný Jóhannesdóttir

Markmið:

Bókmenntir og lestur

Við lok 8. námsárs á nemandi að

- þekkja og geta notað hugtök eins og innri og ytri tími, umhverfi, ris
- átta sig á hvers kyns sögur goðsögur eru og geta túlkað þær í máli og myndum
- þekkja einkenni ævintýra, þjóðsagna og draugasagna
- hafa lesið Íslendingasögu og geta tjáð sig um hana
- kynna sér smásögur og helstu einkenni þeirra
- læra að greina aðalpersónur frá aukapersónum
- geta myndað sér skoðun á sögu og rökstutt hana
- þekkja mismunandi tegundir myndmáls og geta greint það í texta
- geta greint ljóðstafi
- vita mun á hefðbundnu og óhefðbundnu ljóði
- geta greint endarím ljóða
- geta túlkað ljóð

Hljóðlestur / lesskilningur 120-200 orð á mín.

- hafa náð góðum leshraða og geta lesið af öryggi og með viðunandi skilningi almennan texta
- hafa aukið orðaforða sinn og lesskilning og eflt málskilning með margvíslegum lestrarverkefnum í skóla og á heimili ásamt því að lesa unglingsbækur að eigin vali.

Ritun

Við lok 8. námsárs á nemandi að

- kunna að skrifa einnar efnisgreinar ritun
- hafa áttað sig á mikilvægi ritunarferlisins
- hafa áttað sig á að til eru margvísleg tengiorð til að nýta í upptalningu í ritun og temja sér að stilla notkun samtenginga í hóf
- geta sett upp bréf á hefðbundinn hátt
- hafa náð tökum á greinamerkjasetningu
- geta nýtt sér stofn orða í stafsetningu

- hafa eftl þekkingu sína á eftirfarandi stafsetningarreglum:
 - stór og lítill stafur
 - n / nn
 - reglan um j
 - helstu y-reglur

Málfræði

Við lok 8. námsárs á nemandi að

- þekkja muninn á fallorðum, sagnorðum og óbeygjanlegum orðum
- fallorð:
 - þekkja fallorðaflokkana, röð fallanna, aðal- og aukaföll, geta fallbeygt, þekkja kenniföll nafnorða og reglulega/óreglulega stigbreytingu lýsingarorða
- sagnorð:
 - nútíð/þátíð, sterk/veik beyging, kennimyndir, boðháttur og nafnháttur, stofn, nafnháttarmerki – vita hvað það er og hvernig það tengist sagnorðum
- óbeygjanleg orð:
 - þekkja hvað greinir óbeygjanleg orð frá öðrum orðum, þekkja forsetningar og hlutverk þeirra, þekkja samtengingar og hlutverk þeirra, vita að upphrópanir sýna tilfinningar, þekkja nokkur algeng atviksorð og hlutverk þeirra í málinu ásamt því að vita að atviksorð lýsa sagnorðum, lýsingarorðum og öðrum atviksorðum
- geta fundið stofn nafnorða, lýsingarorða og sagnorða
- vita hvað orðhlutarnir heita, geta skipt einföldum orðum í orðhluta og vita að rötin er grunnur hvers orðs
- þekkja hugtökin setning, málsgrein og efnisgrein
- kunna að nota orðabók, m.a. til að sækja upplýsingar um beygingu orða
- þekkja og geta notað hugtök eins og:
 - sérnöfn/samnöfn,
 - hlutstæð/óhlutstæð nafnorð,
 - sterk/veik beyging,
 - eintöluorð/fleirtöluorð,
 - frumtölur/raðtölur,
 - víðtæk orð og sértæk,
 - sérhljóð/samhljóð,
 - einhljóðar/tvíhljóðar,
 - grannur/breiður sérhljóði,
 - atkvæðafjöldi orða

Talað mál og hlustun

Við lok 8. námsárs á nemandi að

- geta tjáð sig frjállega frammi fyrir skólafélögnum, gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær ásamt því að þjálfast í að tala blaðlaust um eitthvert ákveðið efni í tiltekinn tíma

- geta endursagt og/eða lesið upphátt sögur og ljóð með viðeigandi látbragði, tónfalli og áherslum
- geta fært rök fyrir máli sínu

Námsefni:

- Skerpa 1, Vallaskólaleiðin e. Guðbjörgu Grímsdóttur, Guðbjörgu Dóru Sverrisdóttur og Kristjönu Hallgrímsdóttir.
- Málfinnur og Skriffinnur (handbækur) e. Svanhildi Kr. Sverrisdóttur.
- Mályrkja I
- Kjörbækur
- Laxdæla saga
- Gunnlaugs saga orms tungu
- Ítarefni: Finnur I e. Svanhildi Kr. Sverrisdóttur og ljósrit frá kennara.
- Handbækur: s.s. íslensk orðabók.

Stærðfræði

Kennari: Lilja Guðný Jóhannesdóttir

Nemandi:

Stærðfræði og tungumál

- lesi og skrifi háar og lágar tölur sem koma fyrir í texta, töflum og myndritum, ártöl í rómverskum tölum, almenn brot, tugabrot, mælitölur af ýmsu tagi og prósentur
- temji sér að fara rétt með stærðfræðiheiti og tákni, s.s. jafnaðarmerki
- þjálfist í notkun sviga og forgangsröð aðgerða
- lesi og túlki skýringartexta í námsefni og útskýri lausnir
- taki þátt í samstarfsverkefnum með bekkjarfélögum þar sem reynir á þessa færni og þátttöku hans í umræðum um lausnarleiðir og niðurstöður

Lausnir verkefna og þrauta

- venjist því að kynna sér verkefni til hlítar, skilgreina hvað er gefið og hvað ekki, nota fjölbreytilegar aðferðir, t.d. gera töflur og teikningar, eða setja á svið til að leita lausna og prófi og sannreyni niðurstöður
- glími við verkefni og þrautir þar sem lausnarleiðir eru ekki augljósar fyrir fram; þrautirnar feli í sér samsetningar ólíkra hugtaka og aðferða

Röksamhengi og röksemdafærslur

- lesi og ræði um röksemdir í námsefni og geri sér grein fyrir mikilvægi þeirra

- ræði og rökstyðji samhengið í venjulegum reikniaðferðum, t.d. samlagningu almennra brota
- kynnist hugtökunum mengi, stak, hlutmengi, sammengi og sniðmengi
- setji fram sennilegar tilgátur og finni leiðir til að komast að rökstuddri niðurstöðu um þær
- setji fram röksemdafærslur á skýran hátt, bæði í mæltu og rituðu máli

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

- þýði verkefni úr daglegu lífi yfir á táknmál stærðfræði
- noti stærðfræði til að henda reiður á eigin fjármálum
- meðhöndli upplýsingar á stærðfræðilegan hátt, t.d. setji þær upp í töflur og gröf og túlki sem fall af tíma
- vinni með tíma-, lengdar-, flatar-, rúmmáls- og þyngdareiningar í SI - kerfi og kynnist sambandi þeirra innbyrðis
- kynnist eldri mælieiningum, s.s. alin, faðmi, potti og pela, t.d. af innkaupalista úr kaupstaðarferð fyrir einni öld, og beri þær saman við mælieiningar í metrakerfi

Tölur

- vinni með heilar tölur, röðun þeirra, talnarunur og reikniaðgerðir
- meti hvenær tvö almenn brot eru jöfn og fáist við röðun almennra brota, styttingu og lengingu og tengsl þeirra við tugabrot og prósentur
- þekki mengi heilla talna, náttúrlegra talna og ræðra talna og tákneiti þeirra, Z, N og Q
- vinni með sléttar tölur og oddatölur og átti sig á reglum um deilanleika talna með 2, 3, 4, 5, 9 og 10
- þekki frumtölur og þáttun talna í frumbætti og viti hvernig má finna lægstu frumtölurnar
- stytta almenn brot með því að leysa teljara og nefnara í frumbætti
- þekki stærsta samdeili og minnsta samfeldi tveggja talna
- athugi uppbyggingu tugakerfisins og hvernig reiknirit um algengar reikniaðgerðir byggjast á eiginleikum þess
- breyti endanlegum tugabrotum í almenn brot og almennum brotum í tugabrot
- kynnist tölugildishugtakinu sem fjarlægð milli punkta á talnalínu

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

- tileinki sér reiknirit til að leggja saman, draga frá, margfalda og deila með ræðum tölum
- noti reiknivél til að leggja saman, draga frá, margfalda og reikna prósentur með því að breyta í tugabrot og reikna svo
- minnst hlutverks tölunnar 0 í reikniaðgerðum
- öðlist það góða tilfinningu fyrir tölum að hann geti lagt mat á hvort útkoma úr reikningsdæmi er sennileg
- temji sér að prófa útkomur og leita að reiknivillum

- námundi tölur að heilum þúsundum, hundruðum, tugum, einingum, tíundu hlutum, hundraðshlutum og þúsundustu hlutum
- venjist því að reyna að gera sér grein fyrir svári áður en gripið er til reiknivélar

Hlutföll og prósentur

- Nemandi
- vinni með mælikvarða á vinnuteikningum og landakortum
- taki þátt í umræðum þar sem þörf er á skilningi á hlutföllum
- vinni með prósentur í margvíslegu samhengi þannig að nemandinn skilji að prósent merkir hluta af hundraði og byggji á þeim skilningi þegar hann reiknar með prósentum
- fáist við prósentureikning sem algengur er í þjóðfélaginu, t.d. hækkun eða lækkun, aukningu eða minnkun og afslátt

Mynstur og algebra

- vinni með bókstafi til að tákna stærðir og beiti reiknireglum á stæður (heiti) þar sem ein eða fleiri óþekktar stærðir koma fyrir
- leysi einfaldar jöfnur og byggji á skilningi á því hvernig bókstafir eru notaðir til að tákna stærðir
- kynnist hugtökunum liðun og þáttun og dæmum um hvernig hægt er að einfalda stæður með beitingu þeirra
- vinni með víxlreglu og tengireglu samlagningar og margföldunar
- kynnist muninum á stæðu (heiti) og jöfnu

Rúmfræði

- þekki hugtök, s.s. punkt, línu, línustrik, geisla, horn og ýmsar gerðir marghyrninga, fari rétt með heiti þeirra og geti lýst þeim bæði í mæltu máli og með því að teikna myndir, borið þau saman og flokkað
- kynnist hugtökunum réttstrendingi og teningi, kunni að skilgreina þau og nýta sér í útreikningum
- kynnist rétthyrndum, jafnarma og jafnhliða þríhyrningum og geti nýtt sér eiginleika þeirra í útreikningum
- tileinki sér hugtök og aðferðir við að mæla og reikna lengdir strika, flatarmál og ummál marghyrninga og rúmmál réttra strendinga
- hanni rétthyrning með gefnu ummáli og flatarmáli og átti sig á því að rétthyrningur með gefið ummál getur haft breytilegt flatarmál
- fáist við rétthyrnt hnitakerfi í sléttum fleti og hnit punkta og spegli og hliðri punktum í hnitakerfi
- fáist við einfaldar hliðranir, snúninga og speglanir mynda í sléttum fleti
- kynnist aðferð Eschers við að mynda flatarmyndir sem nota má til að þekja flöt
- vinni verkefni sem sýna fram á regluna um hornasummu þríhyrnings og noti hana til að reikna stærðir grannhorna og horna í jafnarma, jafnhliða og rétthyrndum þríhyrningum

Tölfræði og líkindafræði

- fáist við, þekki og skilji hugtökin tíðni, tíðnidreifing, meðaltal, tíðasta gildi og miðgildi
- setji fram og túlki tíðnitöflur, súlurit, línurit og aðrar einfaldar aðferðir við framsetningu og lýsingu tölulegra gagna
- þjálfist í öflun gagna, flokkun þeirra og framsetningu
- geri sér grein fyrir líkindahugtakinu og átti sig á að sumir hlutir eru háðir líkindum en aðrir ekki

Námsefni:

- Almenn stærðfræði fyrir grunnskóla I e. Björk, Björkstén, Brolin, Ernestam og Ljungström.
- Stærðfræðivefurinn Rasmus.is
- Auk þess fá nemendur öðru hverju sérstakt námsefni á ljósritum frá kennara, m.a. þrautir og efni af netinu.

Íþróttir

Kennari: Ragna Dögg Ólafsdóttir

Á unglingastigi er nauðsynlegt að tengja íþróttakennsluna í auknum mæli við fræðilega innlögn, markvissa ástundun íþróttanna eða líkams- og heilsurækt. Þjálfar þarf nemendur í því að taka ábyrgð á eigin heilsu. Þjóða skal nemendum fjölbreytta þjálfun sem nær til alhliða líkams- og heilsuræktar, almenningsíþróttar og íþróttagreina. Á þessum árum er mikilvægt að búa nemendur markvisst undir að taka sjálfstæða ákvörðun við val á íþróttum og heilsurækt. Nemendur hafa tvær kennslustundir á viku.

Markmið

Að nemendur:

- tileinki sér helstu atriði sem einkenna heilbrigðan lífsstíl
- tileinki sér slökunartækni
- öðlist skilning á mikilvægi íþróttar, útivistar og hreyfingar út frá félags- og menningarlegu sjónarmiði
- öðlist þekkingu á áhrifum skipulagðrar þjálfunar á líkamann
- geri sér grein fyrir hlutverki sínu sem fyrirmynd annarra og skilji mikilvægi hvatningar
- bæti sjálfsmýnd sína varðandi íþróttir, hreyfingu og útiveru

Viðfangsefni:

Alhliða hreyfing verður í fyrirrúmi og reynt verður að kynna sem flestar íþróttagreinar. Þar á meðal eru:

- fimleikar
- frjálsar íþróttir
- körfuknattleikur
- knattspyrna
- blak
- handknattleikur
- badminton
- og fleiri greinar!

Námsmat:

Mæting, virkni og framkoma gilda 100%.

Sund

Kennari: William Geir Þorsteinsson

Vikustundir: 1

Markmið:

- að nemendur bæti tækni í helstu sundaðferðum
- kynnist ýmsum möguleikum til sundíþróttar
- að nemendur nái valdi á fjölbreyttum og flóknum hreyfingum
- að nemendur taki þátt í æfingum og leikjum sem efla líkamspól, kraft, hraða og viðbragð
- að nemendur öðlist þekkingu á mikilvægi sunds og geti nýtt sér það til líkams- og heilsuræktar

8. sundstig

- 25 m skriðsund
- 25 m baksund
- sund að hlut í miðri laug, kafað eftir honum á 2 m dýpi og synt til baka. Æfingin endurtekin eftir 10 sek
- 50 m bringusund á tíma (67 sek)
- 25 m skriðsund á tíma (30 sek)
- 400 m þolsund með frjálsum aðferðum
- troða marvaða í 1 mínútu

Námsmat:

Sundpróf

Nemandi á að:

- þekkja algengustu frumefni og efnasambönd sem frumur eru gerðar úr
- þekkja helstu frumulíffæri og starfsemi þeirra
- þekkja helstu gerðir frumna
- þekkja að í öllum lífverum fer fram ákveðin starfsemi, svo sem hreyfing, næringarnám, úrgangslosun, vöxtur og æxlun
- gera sér grein fyrir að líf myndast einungis af öðru lífi með kynlausri æxlun eða kynæxlun
- gera sér grein fyrir að lífverur þroskast á mismunandi hátt á lífsleiðinni
- þekkja hvernig atferli dýra hefur áhrif á lífsafkomu þeirra og hæfni í þróunarfræðilegum skilningi
- þekkja mikilvægustu gerðir samskipta og tengsla hjá dýrum
- þekkja grunnhugtök þróunarlíffræðinnar, svo sem náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika
- kynnast hugmyndum um uppruna og þróun lífsins
- geta lýst hringrás efna og orku í náttúrunni
- þekkja ljóstíllífun
- skilja gagnsemi og notkun flokkunarkerfa og geta nefnt helstu flokkunareiningar lífvera
- geta gert grein fyrir helstu einkennum hryggdýra og hryggleysingja
- geta útskýrt sérstöðu lífvera hvers lífríkis og mikilvægi þeirra fyrir aðrar lífverur
- skilja að vistkerfi byggist á samspili lífvera innbyrðis og við lífvana umhverfi og geti skýrt mögulegar afleiðingar þess að fæðukeðjur raskist
- skilja mikilvægi þess að viðhalda fjölbreytileika tegunda og vistgerða
- læra um hina vísindalegu aðferð og skilja hvaða hlutverki tilraunir þjóna við framsetningu kenninga í vísindum
- tileinka sér helstu vinnubrögð og aðferðir í verklegum tilraunum
- læra að bera virðingu fyrir lífi almennt og fá áhuga á lífheiminum

Námsefni:

- Lífheimurinn - litróf náttúrunnar, lesbók og verkefni
- Myndbönd, vefsíður og itarefni frá kennara

Námsmat:

- Meðaltal kaflaprófa: 50%
- Verkefni: 20%
 - Skilaverkefni og verklegar athuganir.
- Kennaraeinkunn: 10%
 - Skil á heimanámi og virkni í tímum.

- Verkmappa: 20%
 - Öll verkefni sem nemendur vinna úr námsbók, ljósrit og skýrslur. Allar glósur eiga að fylgja. Raða skal verkefnum í tímaröð samkvæmt kennsluáætlun.

Lífsleikni

Kennari: Lilja Guðný Jóhannesdóttir

Nemandi á að:

- tileinka sér samskipti og framkomu í anda Olweusar
- átta sig ákveðnum grunnþáttum uppbyggingarstefnunnar, s.s.
 - o grunnþörfum okkar og ábyrgð okkar á að uppfylla þær án þess að ganga á þarfir annarra
 - o „sleikipinnaheilanum“
 - o tengslum á milli gilda og reglna
 - o því að við getum einungis stjórnað eigin hugsunum, orðum og gerðum
 - o hvert er hlutverk nemenda
- átta sig á að einstaklingar eru stöðugt að miðla tilfinningum sín á milli og að þeir geti upplifað áreiti í umhverfinu með ólíkum hætti
- geta tjáð og fært rök fyrir hugsunum sínum og skoðunum á formlegum fundi
- vera fær um að beita gagnrýnni hugsun
- sýna sjálfsgaga og sjálfstraust í margvíslegum samskiptum
- vera meðvitaður um jafnréttishugsjónina sem leiðarljós í öllum samskiptum
- gera sér grein fyrir hlutverki skrifaðra og óskrifaðra regla
- gera sér grein fyrir líkamlegum, félagslegum, tilfinningalegum og vitsmunalegum einkennum unglingsáranna
- gert sér grein fyrir hvernig allir geta byggt upp sjálfstraust og góða sjálfsmynd
- vita um námstilboð skólans fyrir 9. og 10. bekk
- þekkja reglur og viðbrögð almannavarna varðandi náttúruhamfarir og hættuástand
- læra námstækni og tileinka sér góðar námsvenjur
- geti fundið lausnir á margvíslegum úrlausnarefnum sem upp kunna að koma í daglegu lífi
- læri að vega og meta langanir sínar og væntingar á raunhæfan hátt til að geta sett sér persónuleg markmið
- geti sýnt ábyrga hegðun í ferðum á vegum skólans
- geri sér grein fyrir gildi virkrar þátttöku í íþrótt- og tómsundastarfi

Námsefni:

- *Leiðarvísir um uppbyggingu sjálfsaga* e. Joel Shimoji
- *Í sátt og samlyndi*
- Ýmislegt efni frá kennara tengt Olweus
- Ýmsir bæklingar, ljósrit, vefsíður, myndbönd og bækur sem snúa að efninu

Landafræði

Kennari: Lilja Guðný Jóhannesdóttir

Nemandi á að:

- læra að lesa ýmsar upplýsingar út úr kortum og öðrum myndritum tengdum landafræði
- öðlast yfirlit yfir heiminn s.s. náttúrufar, atvinnulíf og menningu
- átta sig á hvað einkennir þróunarlönd
- fara vel yfir landafræði eftirtalinna svæða: Nýju ríkin á landsvæði Sovétríkjanna fyrrverandi, Asíu, Afríku, Ástralíu, Ameríku og Suðurskautslandsins

Námsgögn:

- Landafræði handa unglingum 2. hefti
- Ljósrituð kort o.fl. frá kennara

Saga, (Samfélagsfræði e. áramót)

Kennari: Egill Arnaldur Ásgeirsson

Nemandi á að:

- kynna atburðum í sögu Íslands um 1520-1900
- Siðaskiptin
- Konungsvald og einokun
- Bændasamfélagið
- kynna æviágrip Jóns Sigurðssonar og konu hans, Ingibjargar Einarsdóttur
- kanni röksemdarfærslu Jóns fyrir aukinni sjálfstjórn á Íslandi
- Efnahagsfrelsi
- Endalok bændasamfélagsins

Námsefni:

- Sögueyjan, 2. Hefti.

Námsmat:

- Vinna nemenda í tímum 30%
- Verkefnavinna 30%
- Próf 40%

Trúarbragðafræði, (Samfélagsfræði f. áramót)

Kennari: Egill Arnaldur Ásgeirsson

Inntak námsgreinarinnar er þríþætt:

- Í fyrsta lagi fræðsla um önnur trúarbrögð, menningu í tengslum við trúarbrögð og sögu þeirra.
- Í öðru lagi umræða um siðferði og fordóma og hvernig við getum lært að skilja önnur trúarbrögð og siði í ljósi frekari upplýsinga.
- Í þriðja lagi verða önnur trúarbrögð ekki skilin án þekkingar á ríkjandi trúarbrögðum og útbreiðslu þeirra, siðferðilegum gildum.

Í almennum trúarbragðafræðum er nemandanum ætlað að auka þekkingu og skilning á ólíkum menningar- og trúarhefðum. Traust þekking á eigin rótum og skilningur á ólíkum lífsviðhorfum stuðlar að umburðarlyndi og vísýni.

Nemandinn læri að þekkja helstu hugtök og hugmyndir sem varða trúarlíf og trúarsiði manna. Borin eru saman trúarbrögð og áhersla lögð á inntak þeirra og áhrif á daglegt líf og samfélag þeirra sem þau játa.

Sérstök áhersla á að vinna verkefni í hópum og með aðstoð netsins.

Námsefni:

Kennslubók: *Maðurinn og trúin; Trúarbragðafræði handa grunnskólum.*

Helstu trúarbrögð heimsins: Islam, gyðingdómur, kristni, hindúismi, búddadómur.

Höfundur Gunnar J. Gunnarsson.

Námsmat:

Kaflapróf 40%

Vinna í tímum og verkefnaskil 60%

Danska

Kennari: Sigrún Júlía Geirsdóttir

Í lok 8. bekkjar er stefnt að því að sérhver nemandi

- verði fær um að lesa léttan danskan texta sér til gagns og ánægju
- geti skilið aðalatriði í stuttum samtölum og frásögnum þar sem orðaforðinn tengist efni sem unnið er með
- geti sagt frá sjálfum sér og persónulegum högum sínum, gefið einfaldar leiðbeiningar og fyrirmæli
- geti notað grunnorðaforða í efni sem unnið hefur verið með í tímum

Námsefni

Aðalnámsbók: **Tænk**, textabók, vinnubók og hlustunarefni.
Annað efni er m.a.

- Hvað siger Du? A Hlustunarverkefni og vinnubók.
- Krossgátur og danskt myndefni.
- Yndislestrarbækur sem nemendur velja sjálfir.
- Unnið með danska lagatexta eftir áhuga og atvikum.
- Vefefni af vefnum Danske diamanter.

Námsmat

Heildarnámsmat er byggt á bókaskýrslum, kennaraeinkunn og prófseinkunn. Bókaskýrslur eru stuttar endursagnir úr yndislestrarbókum. Kennaraeinkunnin er byggð á könnunum og vinnu nemenda, bæði heimavinnu og tímavinnu. Lögð er áhersla á að nemendur vandi vinnu sína og frágang. Í annalok eru próf.

Enska

Kennarar: Egill Arnaldur Ásgeirsson

Nemandi á að:

- geta lesið skilið og þýtt einfalda texta
- geta notað einfalda ensku bæði skriflega og munnlega
- skilja ensku talaða á eðlilegum hraða í viðfangsefnum sem unnið er með
- geta lesið smásögur, skáldsögur og tímaritsgreinar
- þjálfast markvisst í stafsetningu
- geta tjáð sig á ensku um efni sem unnið er með
- kunna fornöfn og forsetningar
- læra helstu málfræðireglur t.d.
eintala/fleirtala

óákveðinn greinir (a/an)
sögnin to be (am/are/is)
nútið/þátíð/framtíð
stigbreyting lýsingarorða
nafnorð

Námsefni:

- *Matrix 1*, lesbók og vinnubók
- Hraðlestrarbækur
- Ljósritað efni frá kennara

Hannyrðir

Kennari: Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir

Nemandi á að:

- Læri að skapa sína flík eða nytjahlut frá sinni hönnun
- Læra að halda utan um heimildir í textíl
- Læra að taka upp snið og breyta þeim.
- Læri að nota náttúruna sem uppsprettu sköpunar.
- öðlast færni í að skreyta flík á persónulegan hátt
- þjálfast í að fara eftir skriflegum vinnulýsingum
- geta notað fagbækur og upplýsingatækni
- geta tileinkað sér orðaforða textílgreinarinnar
- geta tileinkað sér vandvirkni, góða umgengni og rétta meðferð áhalda og véla
- gera sér grein fyrir áhrifamætti tísku á daglegt líf
- þjálfast í að velja verkefni í textílmennit í samræmi við langanir og þarfir
- gera metið eigin árangur og rökstyðja matið
- geta tekið þátt í að setja upp og kynna sýningu á eigin verkum og annarra í húsakynnum skólans
- geta tekið þátt í umræðum um umgengni, starfshætti og vinnufrið
- þjálfist í að taka tillit til mismunandi túlkunaraðferða og virða eigin verk og annarra

Námsmat:

Verkefnamappa gildir 60% af lokaeinkun
Vinna og ástundun nemenda metin jafnt
og þétt yfir veturinn.
Símatið felur í sér að kennarinn metur

- umgengni
- verklag og vandvirkni
- hugmyndaauðgi
- iðni og afköst

Heimilisfræði

Kennari: Guðrún Ásgeirsdóttir

Markmið:

- Samvinna, áhersla er lögð á að nemendur getir unnið með öðrum nemendum og umgengist þá á jákvæðan hátt
- Skapa fræðandi og ánægjulega stund í skólaeldhúsinu

Nemandi á að:

- þekkja helstu næringarefni fæðunnar og hlutverk þeirra og sjúkdóma sem stafa af röngu matarræði
- fá þjálfun í að setja saman máltíð með hliðsjón af fæðuhring
- kynnast Manneldismarkmiðum fyrir Íslendinga
- fá þjálfun í að matreiða fjölbreyttan hversdagsmat
- vinna af öryggi með helstu matreiðsluaðferðir og hafi tileinkað sér góða vinnutækni og rétta líkamsbeitingu
- þjálfast í að vinna sjálfstætt eftir matreiðslubókum
- þjálfast í að vinna með öðrum og virða jafnrétti og skoðanir annarra
- tileinka sér að fara eftir kröfum um hreinlæti við matargerð
- þjálfast í að sýna hreinlæti í verki við heimilisstörf
- þjálfast í að halda hreinum tækjum og áhöldum

Námsefni:

- Heimilisfræði fyrir unglingastig
- Matur og menning.
- Uppskriftir fyrir unglingastig 2009
<http://www.nams.is/heimilis/unglingauppskriftir2009.pdf>
- Ýmsar uppskriftir frá kennara.

Námsmat :

- Verkefnabækur
- framkoma í tímum
- Verk-og skriflegt próf að vori.

Hönnun og smíði

Kennari: Berglind Guðmundsdóttir

Markmið:

Nemandi á að:

- Hanna sín verkefni og vinna samkvæmt eigin hugmyndum og teikningum
- Þjálfast í að skrá vinnuferli
- Kunna að sverfa og pússa efni undir yfirborðsmeðhöndlun.
- Þekkja heiti helstu verkfæra.
- Geta notað einföld handverkfæri, t.d. sög, þjöl, hamar, þvingur, hefil.
- Ná góðum tókum á vinnu með tifsög og borvél.
- Þekkja og geta notað helstu sérverkfæri fyrir gler.
- Geta valið nagla skrúfur og lamir sem hæfa verkefni.
- Þekkja öryggisbúnað og reglur sem gilda í smíðastofunni.
- Gera sér grein fyrir sjálfbærri þróun og mikilvægi þess að fara vel með öll efni og umhverfi.
- Bera sig rétt að í vinnu.
- Hafa öðlast jákvætt viðhorf til verkmenntunar.
- Geta gengið frá verkfærum eftir sig og sópað vinnusvæði.

Viðfangsefni:

- Að nemendur hanni og vinni gestabók úr krossvið, ákveði útlit og áferð
- Að nemendur kynnist vinnu með gler og glerbrennslu
- Að nemendur hanni og fullvinni verkefni að eigin vali
- Stuðla að vinnugleði í smíðastofu
- Læra að vinna með og umgangast aðra nemendur

Námsmat:

Sjálfsmat nemenda: Nemendur meta vinnu sína og skrá á matsblað

Vinna og ástundun nemenda metin jafnt og þétt yfir veturinn.

- Símatið felur í sér að kennarinn metur:
 - Virkni
 - Frumkvæði
 - Hugmyndaauðgi og hönnun
 - Vandvirkni og frágang

Upplýsingatækni

Kennari: Egill Arnaldur Ásgeirsson

Nemandi á að:**Tæknilæsi**

- hafa náð góðum tókum á blindskrift og réttri líkamsbeitingu við tölvuvinnu

- hafa haldgóða þekkingu á upplýsingaveitum á Netinu
- geta hannað og unnið margmiðlunarefni með þeim forritum og upplýsingaveitum sem hæfa hverju verkefni fyrir sig
- geta notað póstforrit til samskipta og samstarfs við aðra
- hafa náð tökum á grunnþáttum skjalavörslu

Upplýsingalæsi

- kunna leit í mismunandi leitarvefjum
- kunna að leita í tölvuskránn annarra safna, s.s. almenningsbókasafna og gagnabanka
- kunna að afla heimilda; það felur í sér að nemendi geti
 - o flokkað og metið þær á gagnrýninn hátt með tilliti til áreiðanleika þeirra
 - o metið eigin niðurstöður
 - o gert grein fyrir niðurstöðum sínum með miðlum upplýsingatækninnar

Menningarlæsi

- hafa mótaða skoðun á gildi upplýsingatækni í viðhaldi eigin menntunar
- skilja þýðingu höfundarréttar

Tölvulæsi

- geta valið og notað viðeigandi tölvubúnað til að koma upplýsingum á framfæri
- geta notað upplýsingatækni, s.s. rafrænar glærur og margmiðlun, til að flytja fyrirlestur
- geta slegið inn villulausan texta, að lágmarki 125 slög á mínútu (25 orð á mín.), með blindskrift og réttri fingrasetningu

Beiting tölvu

- hafa skilað verkefnum unnum í tölvum, með grafískri framsetningu upplýsinga þegar það á við
- geta sett upp margþætt skjöl í ritvinnslu
- hafa notað tölvupóst til að koma fyrirspurn til opinberra aðila, fyrirtækja eða stofnana

Námsefni

- Námsefni af vef Námsgagnastofnunar, m.a. Ritfús
- Ýmis forrit
- Ýmis verkefni sem kennari tekur saman

Námsmat:

- símat á vinnu nemenda í tímum
- verkefnaskil

Myndmennt

Kennari: Ólöf Þ. Hannesdóttir

Nemandi á að :

- þekkja hlutföll og heildarbyggingu mannslíkamans
- geta gert samanburð á hlutföllum og stærðum með mælingum
- gera sér grein fyrir mismunandi sýn listamanna á mannslíkamann á ólíkum skeiðum listasögunnar
- geta skilgreint hugtakið portrettmynd og þekkja dæmi af þeirri tegund myndverka
- kynnast konseptlist og skoða mynddæmi af verkum í þeim anda
- þekkja ýmsar atvinnugreinar myndlistarmanna og hönnuða
- þekkja hugtakið fjölfeldi
- geta lýst myndverkum munnlega og skriflega með því að lýsa aðferðum við gerð myndanna og túlka innihald þeirra
- geta gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum
- gera sér grein fyrir verðmæti efna og áhalda sem unnið er með hverju sinni.

Námsefni:

- Ýmis verkefni sem kennari tekur saman.

Námsmat:

- Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir veturinn.
- Metin eru skrifleg verkefni, virkni nemenda í tímum, færni þeirra, hugmyndaauði og frágangur verkefna.

9. bekkur

Umsjónarkennari: Sunna Björg Guðnadóttir

Íslenska

Kennari: Lilja Guðný Jóhannesdóttir

Lestur og bókmenntir

Við lok 9. námsárs á nemandi að

- hafa aukið lestrarfærni og orðaforða með lestri skáldsagna við hæfi
- geta rýnt í texta til að átta sig á frásagnarhætti og sjónarhorni
- þekkja helstu gerðir myndmáls og geta greint það í ljóðum
- vita í hverju munur hefðbundinna og óhefðbundinna ljóða er fólgin
- vita hvað átt er við með óbeinum og beinum lýsingum og hvernig þær hjálpast að við að skapa persónur í sögum
- þekkja helstu atriði bragfræðinnar og geta greint þau í ferskeytlum og öðrum hefðbundnum ljóðum
- kynnast völdum bókmenntaarfi Íslendina með því að lesa fornbókmenntir, kynna sér efni þeirra og ritunartíma
- átta sig á hlutverki sögumanns
- þekkja mun á þjóðsögu, goðsögu og smásögu

Talað mál og hlustun

Við lok 9. námsárs á nemandi að

- hafa fengið ýmiss konar þjálfun í að flytja mál sitt og hlustað á aðra gera slíkt hið sama, t.d.
 - hafa kynnt kjörbók
 - hafa kynnt sig (hver er ég og hvaðan kem ég)
 - hafa lýst öðrum
 - hafa flutt frumsamið efni
- hafa tamið sér viðeigandi framkomu í ræðustól
- hafa þjálfast í að flytja laust mál eða bundið, skýrt og með viðeigandi áherslum
- hafa náð tökum á helstu þáttum framsagnar og geta tjáð sig eðlilega á blæbrigðaríku máli
- geta flutt skopsögu á viðeigandi hátt

Ritun

Við lok 9. námsárs á nemandi að

- hafa lært að byggja upp efnisgreinar m.t.t. þrískiptingar og rökfærslu

- að hafa öðlast færni í að setja greinarmerki í texta
- hafa lært helstu reglur um n og geta beitt þeim
- þekkja helstu reglur um j og geta beitt þeim
- þekkja mun breiðra og grannra sérhljóða og tengsl þeirra við rithátt á undan ng og nk
- hafa áttað sig á að framburður á i og y er eins þótt munur sé á stafsetningu og merkingu orðanna sem stafirnir koma fyrir í
- þekkja helstu hljóðbreytingar og áhrif þeirra á stafsetningu
- geta fundið stofn lýsingarorða, nafnorða og sagnorða og vita að hann segir til um rithátt
- hafa áttað sig á mun beinna og óbeinna tilvitnana og geta skráð þær rétt
- hafa áttað sig á því að mismunandi málsnið hæfir ólíkum textum
- vita hvað hlutlægur texti er og skrifa flugusögu til að þjálf það
- hafa áttað sig á byggingu örsögunnar og geta samið slíkar sögur
- geta samið vandaða bókmenntaritgerð samkvæmt fyrirætlunum

Málfræði

Við lok 9. námsárs á nemandi að

- hafa þjálfast í fallbeygingu
- hafa lært að greina muninn á sterkri og veikri beygingu, sagnorða og nafnorða
- geta greint kyn, tölu og fall orða
- vera fær um að greina og ræða einkenni sagnorða
 - geta greint persónu, tölu og tíð sagna og áttað sig á samhengi þessara þátta og gerandans í setningunni
 - geta greint myndir sagna og geta breytt úr einni mynd í aðra
 - vita að sagnir eru ýmist sjálfstæðar eða ósjálfstæðar
 - vita að sagnir geta stýrt falli og kallast þá áhrifssagnir
 - þekkja muninn á andlagi og sagnfyllingu og tengslum þeirra við áhrifssagnir og áhrifslausar sagnir
 - þekkja einkenni veikra og sterkra sagna og geta beygt þær í kennimyndum í samræmi við einkennin
 - þekkja núpálegar sagnir og einkenni þeirra
 - átta sig á hlutverki hjálparsagna og geta greint þær í texta
 - átta sig á hvað ópersónuleg sögn er og helstu einkenni hennar
 - þekkja einkenni allra háttá sagna og geta greint þá í texta
 - geta útskýrt mun á fallháttum og persónuháttum
 - hafa áttað sig á að ekki er hægt að mynda setningu nema hafa í henni sögn í persónuhætti
- hafa öðlast færni í að greina í orðflokka
- hafa þjálfast í að greina óbeygjanleg orð í texta og greina undirflokka þeirra
- geta fundið forsetningarliði í texta og greint fall fallorðanna í þeim

- hafa áttað sig á stöðu og hlutverki atviksorða og kunna að greina þau frá lýsingarorðum
- hafa áttað sig á að hlutstæð orð tákna eitthvað áþreifanlegt
- átta sig á að merking orða er misþröng (viðtæk orð og sértæk)
- vita að orðið þágufallshneigð er notað þegar rangt er farið með ópersónulegar sagnir
- þekkja helstu orðhluta, hlutverk þeirra í orðmyndun og geta greint þá
- geta myndað afleidd orð með notkun forskeyta og/eða viðskeyta
- hafa áttað sig á grundvallar orðaröð í íslensku
- geta nýtt sér orðabækur til að sækja upplýsingar um beygingar og merkingu orða
- hafa leikið sér með tungumálið og dýpkað þannig skilning sinn á ákveðnum þáttum þess
- átta sig á hvað átt er við með góðu máli og vondu og hafa rætt um það

Námsefni:

- Skerpa 2, Vallaskólaleiðin e. Guðbjörgu Grímsdóttur, Guðbjörgu Dóru Sverrisdóttur og Kristjönu Hallgrímsdóttir.
- Málfinnur, Skrifinnur og Hugfinnur (handbækur) e. Svanhildi Kr. Sverrisdóttur.
- Braugfræði fyrir unglínngastig grunnskóla e. Ragnar Inga Aðalsteinsson
- Mályrkja II
- Kjörbækur
- Gísla saga Súrssonar
- Ítarefni: Finnur II e. Svanhildi Kr. Sverrisdóttur og ljósrit frá kennara.
- Handbækur: s.s. íslensk orðabók.

Stærðfræði

Kennari: Sunna Björg Guðnadóttir

Nemandi:

Stærðfræði og tungumál

- lesi og skrifi háar og lágar tölur sem koma fyrir í texta, töflum og myndritum, almenn brot, tugabrot, veldi og prósentur af ýmsu tagi
- þjálfist í að nota skilgreiningar á hugtökum sem koma fyrir í námsefninu
- fari rétt með algeng stærðfræðiheiti og tákni, s.s. aðgerðarmerki, jafnaðarmerki og sviga
- temji sér vandaða meðferð máls og þjálfist í að nota táknmál stærðfræðinnar í bland við venjulegt mál
- temji sér að skrifa skipulega minnisþunkta og skýringarmyndir um stærðfræðileg efni í því skyni að auka skilning sinn og koma hugsunum sínum í skipulegra horf

- taki þátt í samstarfsverkefnum með bekkjarfélögum þar sem reynir á þessa færni og þátttöku hans í umræðum um lausnarleiðir og niðurstöður

Lausnir verkefna og þrauta

- venjist því að lausnarleit getur kostað fyrirhöfn og þolinmæði og kynnist því að hægt er að nálgast erfið verkefni með því að skoða fyrst einfaldari verkefni af sama toga og með því að prófa hvað gerist ef gefnar eru viðbótarupplýsingar eða gefnum upplýsingum hnikað til þannig að samt standi eftir hliðstætt verkefni
- fáist við verkefni og þrautir þar sem lausnarleiðir eru ekki augljósar fyrir fram; þrautirnar geti falið í sér ólíkar samsetningar rúmfræðihugtaka, talna og rökhugsunar
- æfist í að nota jöfnur til að leysa þrautir

Rökshengi og röksemdafærslur

- sjái og fáist við dæmi sem undirstrika mikilvægi þess að viðhafa skýra röksemdafærslu og kerfisbundna framsetningu
- þjálfist í notkun hugtakanna mengi, stak, hlutmengi, sammengi og sniðmengi
- rökstyðji niðurstöður sínar og skýri lausnarleiðir af nákvæmni, t.d. þar sem hlutföll koma fyrir
- fáist við verkefni við vinnslu úr gagnagrunnum eða í forritunarverkefnum þar sem yrðingar með „og“, „eða“, „ekki“ og „ef ... þá“ koma fyrir og geri sér grein fyrir sanngildi einfaldra samsettra yrðinga af því tagi

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

- þýði verkefni úr daglegu lífi yfir á táknmál stærðfræði
- setji upp töflu, t.d. í töflureikni, og jöfnu fyrir rétt hlutfall úr daglegu lífi, t.d. orkuneyslu heimilistækja, og teikni graf sem sýnir þetta samband
- beiti stærðfræði til að skýra mál sitt í umræðum um þjóðmál, t.d. umhverfismál
- kynnist dæmum og vinni verkefni um notkun stærðfræði í nútímaþjóðfélagi
- vinni með tímareikninga og lengdar- og flatarmælingar marghyrninga og hringa, einkum í metrakerfi
- kynnist sögu þess hvernig menn hafa reiknað π hlutfallið milli ummáls og þvermáls hrings, m.a. með því að kynna sér hvernig Arkimedes fjallaði um þessa hluti
- kynnist því hvernig saga stærðfræðinnar greinir frá viðleitni manna til að skilja umhverfi sitt og koma skipulagi á vitneskju sína, s.s. hornamælingum til að átta sig á gangi himintunglanna

Tölur

- vinni með veldareglur um heiltöluveldi
- vinni með frumtölur og frumtölubáttun, noti frumtölubáttun við styttingu brota og átti sig á því að ein tala gengur upp í annarri ef allir frumþættir hinar fyrri felast í hinni seinni
- kynnist með dæmum tölum sem ekki eru ræðar
- breyti endanlegum tugabrotum í almenn brot og almennum brotum í tugabrot með gefinni nákvæmni
- kynnist skilgreiningu á tölugildi og helstu reiknireglum um það
- skoði eðli tugakerfisins með því að bera það saman við önnur talnakerfi, s.s. sextugakerfi eða tvíundarkerfi

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

- átti sig á samlagningarandhverfum
- vinni með formerkjareglur um reikninga með neikvæðum tölum
- vinni með veldi sem endurtekna margföldun, deilingu sem endurtekinn frádrátt og deilingu sem skiptingu
- öðlist leikni í reikniaðgerðum með ræðum tölum, viti hvenær finna þarf samnefnara og hvenær ekki og hvers vegna
- kynnist staðalformi og kostum þess og reikni með tugveldum
- þrói með sér leikni í að reikna samsett dæmi af ýmsu tagi og hafi fullt vald á forgangsröð aðgerða
- noti reiknivél til að reikna samsett dæmi með veldum og svigum og noti fastann π í útreikningum á reiknivél
- kynnist notkun töflureikna til að fást við reikninga í stórum gagnasöfnum
- venjist því að nota hugarreikning til að meta trúverðugleika útkomu sem fengin er með öðrum hætti, t.d. með töflureikni
- venjist því að velja milli þess að reikna í huganum, á blaði eða með reiknivél eftir því hvers eðlis tölurnar eru og meta hvenær þarf nákvæma útkomu og hvenær námundunarútkomu

Hlutföll og prósentur

- fáist við hlutföll milli stærða og geti skýrt þau með tilvísan til almennra brota og mynda eða teikninga
- skipti stærðum í margvíslegum hlutföllum
- vinni með mælikvarða og hlutföll
- vinni með hlutföll í daglegu lífi og viðskiptum, t.d. reikni milli gjaldmiðla og breyti mataruppskriftum
- öðlist færni í prósentureikningi þar sem finna þarf prósentu, hluta og heild og geti reiknað breytingar og mismun í hundraðshlutum

Mynstur og algebra

- noti algebru til að tákna samband stærða með formúlum, t.d. í rúmfræði eða verslunarreikningi, og hafi innsýn í hvernig breyting á einni stærð hefur áhrif á aðrar stærðir
- kynnist hvernig nota má liðun og þáttun til að einfalda ýmsar formúlur
- vinni áfram að lausn á fyrsta stigs jöfnum með einni óþekktri stærð með áherslu á rökrétta notkun jafnaðarmerkis
- leysi orðadæmi með því að setja upp og leysa fyrsta stigs jöfnur með einni óþekktri stærð
- noti víxlreglu, tengireglu og dreifireglu til að einfalda táknaðarstærðir
- nái valdi á veldareglum fyrir heiltöluveldi
- geri skýran greinarmun á jöfnum og stærðum og æfist í einföldun slíkra táknaðarstærðna

Rúmfræði

- tileinki sér hugtakið hringur og hugtök honum tengd, s.s. þvermál, geisli, bogi og hringgeiri, samsíða, hornréttur, strendingur, teningur og sívalningur, fari rétt með heiti þeirra og geti lýst þessum hugtökum, borið þau saman og flokkað
- noti hringfara og reglustiku til að finna miðju striks, teikna horn og tvískipta horni
- þjálfist í aðferðum við hornamælingar, hornaútreikninga, flatarmáls- og ummálsreikninga, bæði marghyrninga og hringa
- reikni rúmmál og yfirborðsflatarmál réttra strendinga, þrístrendinga og sívalninga
- geri sér grein fyrir óvissu í mælingum, t.d. með tilraunum með endurteknar mælingar á sama hlut
- vinni með rétthyrnt hnitakerfi í sléttum fleti, hnit punkta, fjarlægðir milli þeirra og læri að finna hnit miðpunkts striks
- kynnist öðrum aðferðum við að lýsa staðsetningu með hnitum, t.d. notkun lengdar- og breiddargráðna sem hnita punkta á yfirborði jarðar
- kynnist samhverfum í skreytilist og búi til mynstur með beitingu rúmfræðilegra færslna, t.d. með því að þekja fleti með marghyrningum (flísalögn)
- tileinki sér regluna um hornasummu þríhyrnings og noti regluna til að finna hornasummur marghyrninga

Tölfræði og líkindafræði

- vinni með og skilji hugtökin tíðni, hlutfallstíðni, tíðnidreifing, meðaltal, tíðasta gildi og miðgildi
- kynnist hugtakinu úrtak

- setji fram og túlki tíðnitöflur, súlurit, skífurit, línurit og noti aðrar einfaldar aðferðir við framsetningu og lýsingu tölulegra gagna
- noti tölvuforrit, t.d. gagnagrunna og töflureikna, til að vinna með tölfræðileg gögn
- sjái og greini villur eða villandi upplýsingar í framsetningu tölulegra gagna, s.s. þar sem mælikvarði á tíðniás er óreglulegur, hlutföll í myndum eru röng og hlutfallstíðni er rangt reiknuð
- fáist við líkindafræðileg verkefni sem tengjast daglegu lífi eða málefnum sem eru ofarlega á baugi í þjóðfélaginu, t.d. úrtakskönnunum og happdrættisleikjum

Námsefni:

- Almenn stærðfræði fyrir grunnskóla II e. Lars-Eric Björk
- Ítarefni frá kennara og ýmsar vefsíður

Námsmat:

- Meðaltal kaflaprófa 30%
- Annarpróf 55%
- Kennaraeinkunn 15%

Líffræði

Kennari: Sunna Björg Guðnadóttir

Nemandi á að:

- þekkja algengustu frumefni og efnasambönd sem frumur eru gerðar úr
- þekkja helstu frumulíffæri og starfsemi þeirra
- þekkja helstu gerðir frumna
- þekkja að í öllum lífverum fer fram ákveðin starfsemi, svo sem hreyfing, næringarnám, úrgangslusun, vöxtur og æxlun
- gera sér grein fyrir að líf myndast einungis af öðru lífi með kynlausri æxlun eða kynæxlun
- gera sér grein fyrir að lífverur þroskast á mismunandi hátt á lífsleiðinni
- þekkja hvernig atferli dýra hefur áhrif á lífsafkomu þeirra og hæfni í
- þróunarfræðilegum skilningi
- þekkja mikilvægustu gerðir samskipta og tengsla hjá dýrum

- þekkja grunnhugtök þróunarlíffræðinnar, svo sem náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika
- kynnst hugmyndum um uppruna og þróun lífsins
- geta lýst hringrás efna og orku í náttúrunni
- þekkja ljóstillífun
- skilja gagnsemi og notkun flokkunarkerfa og geta nefnt helstu flokkunareiningar lífvera
- geta gert grein fyrir helstu einkennum hryggdýra og hryggleysingja
- geta útskýrt sérstöðu lífvera hvers lífríkis og mikilvægi þeirra fyrir aðrar lífverur
- skilja að vistkerfi byggist á samspili lífvera innbyrðis og við lífvana umhverfi og geti skýrt mögulegar afleiðingar þess að fæðukeðjur raskist
- skilja mikilvægi þess að viðhalda fjölbreytileika tegunda og vistgerða
- læra um hina vísindalegu aðferð og skilja hvaða hlutverki tilraunir þjóna við framsetningu kenninga í vísindum
- tileinka sér helstu vinnubrögð og aðferðir í verklegum tilraunum
- læra að bera virðingu fyrir lífi almennt og fá áhuga á lífheiminum

Námsefni:

- Lífheimurinn - litróf náttúrunnar, lesbók og verkefni
- Myndbönd, vefsíður og itarefni frá kennara

Námsmat:

- Meðaltal kaflaprófa: 50%
- Verkefni: 20%
 - Skilaverkefni og verklegar athuganir.
- Kennaraeinkunn: 10%
 - Skil á heimanámi og virkni í tímum.
- Verkmappa: 20%
 - Öll verkefni sem nemendur vinna úr námsbók, ljósrit og skýrslur. Allar glósur eiga að fylgja. Raða skal verkefnum í tímaröð samkvæmt kennsluáætlun.

Eðlisfræði

Kennari: Sunna Björg Guðnadóttir

Nemandi á að:

- kynnst eðli vísinda, vísindalegum vinnubrögðum og aðferðum

- öðlast skilning á einingum metrakerfisins og SI-kerfisins og geta notað þær við mælingar
- geta skilgreint krafta og beitt kraftahugtakinu við margvíslegar aðstæður
- geta skýrt hugtökin vinna, orka og afl
- geta lýst sex helstu gerðum einfaldra véla
- geta lýst eðli og orsökum hreyfinga og notað hugtökin ferð, hraði og hröðun
- þekkja þyngdarlögmálið og vita að þyngdarkraftur verkar á milli allra hluta
- skilja muninn á massa og þyngd
- geta unnið með hugtök eins og þrýsting og eðlismassa og tengt þau fyrirbærum í daglegu lífi

Námsefni:

- Kraftur og hreyfing, lebók
- Myndbönd, vefsíður og ítarefni frá kennara

Námsmat:

- Meðaltal kaflaprófa 75%
- Verkefni 15%
- Kennaraeinkunn 10%

Stjörnufræði:

Kennari: Sunna Björg Guðnadóttir

Nemandi á að:

- kynnast hugmyndum manna um uppbyggingu alheimsins
- gera sér grein fyrir stöðu sólkerfis okkar í vetrarbrautinni
- þekkja sólkerfið okkar og nokkur einkenni þess
- geta lýst einkennum jarðarinnar og tunglsins
- þekkja gerð og eiginleika sóla og reikistjarna
- þekkja til geimferða mannsins, geimrannsókna og notkun gervihnatta
- þekkja loftsteina, halastjörnur, stjörnuhröp ofl.

Námsefni:

- Sól, tungl og stjörnur, lesbók
- Myndbönd, vefsíður og ítarefni frá kennara

Námsmat:

- Meðaltal kaflaprófa 60%

- Verkefni 30%
- Kennaraeinkunn 10%

Saga

Kennari: Egill Arnaldur Ásgeirsson

Nemandi á að:

- kynnast sögu 20. aldar, bæði hér á Íslandi og erlendis
- Fyrri heimsstyrjöld
- Stéttabaráttátt og Sovétríkin
- Heimskreppan
- Uppgangur Nasista
- kynna sér gang seinni heimsstyrjaldarinnar
- kynna sér áhrif heimsstyrjaldarinnar á Ísland

Námsefni:

- Styrjaldir og kreppa. Saga 20. Aldar I.
- Ljósrit og ítarefni frá kennara

Námsmat:

- Próf 40%
- Ritgerðir og önnur stór verkefni 30%
- Heimavinna og virkni 30%

Landafræði

Kennari: Sigrún Júlía Geirsdóttir

Nemandi á að:

- læra að lesa ýmsar upplýsingar út úr kortum og öðrum myndritum tengdum landafræði
- öðlast yfirlit yfir heiminn s.s. sögu jarðar, náttúruvar, gróðurfar og loftslag, hafið, orku og Evrópu
- átta sig á einkennum hafsins og breytileika
- fara yfir landafræði Miðjarðarhafssvæðisins og Evrópu í hnotskurn
-

Námsgögn:

- Landafræði handa unglingum 1. Hefti Kortabók handa grunnskólum
- Ljósrituð kort ofl. frá kennara

Námsmat:

- Ritgerð um afmarkað efni á vorönn
- Kaflapróf úr hverjum kafla
- Kennaraeinkunn sen byggir m.a. á verkefnavinnu, vinnu í tímum og sérfræðingavinnu sem unnin er í hópum

Lífsleikni

Kennari: Sunna Björg Guðnadóttir

Nemandi á að:

- sýna sjálfsaga og sjálfstraust í margvíslegum samskiptum í daglegu lífi, til að mynda í persónulegum og ópersónulegum samskiptum, samskiptum við jafningja, foreldra, kennara og aðra
- gera sér grein fyrir merkingu hugtakanna kyn, kynhneigð og kynhlutverk og hvaða hlutverki þau þjóna í kynímynd og kynupplifun einstaklinga
- vera fær um að beita gagnrýninni hugsun í samskiptum, skapandi starfi og við að setja sér markmið og taka ákvarðanir
- vita af hættum samfara neyslu ávana- og fíkniefna og misnotkun á lyfjum sem notuð eru til lækninga
- vera meðvitaður um samhengi hirðusemi og hollra lífsvenja við að ráða við álag, streitu og kröfur í dagsins önn
- skilja muninn á upplýsingum og auglýsingum
- átta sig á mikilvægi þess að geta skipulagt eigin fjármál og gera sér grein fyrir kostnaði við heimilisrekstur.
- geta tjáð og fært rök fyrir hugsunum sínum og skoðunum á formlegum fundi
- vita um námstilboð skólans fyrir 9. og 10. bekk
- læra námstækni og tileinka sér góðar námsvenjur

Námsefni:

- Leiðarvísir um uppbyggingu sjálfsaga – nemendabók e. Joel Shimoji.
- Ertu? Námsefni í lífsleikni e. Aldísi Yngvadóttur.
- Í sátt og samlyndi – að hafa stjórn á reiði, leysa ágreining og fyrirbyggja ofbeldi – vinnuhefti e. Erlu Kristjánsdóttur og Aldísi Yngvadóttur.
- Ítarefni frá kennara.

Námsmat:

- Miðað er að því að efla samskiptafærni, virðingu, vináttu og vellíðan.
- Metin verður virkni nemenda í tímum og gefin einkunn og/eða umsögn.

Danska

Kennari: Sigrún Júlía Geirsdóttir

Í lok 9. bekkjar er stefnt að því að sérhver nemandi:

- skilji aðalatriði í töluðu máli þegar fjallað er um málefni úr daglegu lífi hans
- skilji fyrirmæli og leiðbeiningar á þar til gerðu hlustunarefni á snældum og myndbandi
- geti fylgt atburðarás í sögu og greini lykilatriði í frásögnum og samtölum
- geti lesið léttlestrarbækur sér til gagns og ánægju
- geti beitt mismunandi lestraraðferðum
- geti notað einfaldan orðaforða um skoðanir sínar og tilfinningar
- geti brugðist við beiðnum eða spurningum með útskýringum eða lýsingum
- geti endursagt texta með aðstoð minnispunkta og hjálparorða
- geti skrifað einfaldan texta
- fái innsýn í menningu og siði Norðurlandþjóða og kynnist viðhorfum jafnaldra.

Efnisþættir:

Efnisþættir eru hlustun lesskilningur, talað mál og ritun. Einnig má nefna áhugamál og afþreyingu, félagahópin, vináttu, skemmtanir, poppheiminn, vinnu, vasapeninga o.fl.

Nám og kennsla:

- Hlustun með verkefnablöðum af ýmsu tagi (bekkjarkennsla). Samtalsverkefni af ýmsu tagi.
- Auk grunnbóka er lögð mikil áhersla á að nemendur komist upp á lag með að lesa frjálslestrarbækur. Áhersla er lögð á að nemendur séu sjálfir með orðabækur og venji sig á að nota þær.
- Fjölbreyttar skriflegar æfingar
- Stuttir textar á skyldum tungumálum lesnir og bornir samanvið dönsku og íslensku.

Námsefni:

- Dejlige Danmark, vinnubók og lesbók. Yndislestrarbækur að vali nemenda. Hvad siger du? B. Grammatik 1 málfræðihefti og Grammatik handbók. Horft á danskt efni og ýmislegt annað ítarefni frá kennara.

Námsmat:

- Annapróf 50%
- Bókaskýrslur%
- Kannanir: 20%
- Kennaraeinkunn: 10%

Enska

Kennari: Egill Arnaldur Ásgeirsson.

Markmið:

Nemandi á að:

- geta skilið ensku talaða á eðlilegum hraða
- geta lesið sögur fyrirhafnalítið
- geta unnið útdrætti, ritgerðir og/eða ritdóma úr lesnum texta
- notað réttan framburð
- geta sagt frá atburðum eða endursagt texta
- geta beitt eftirtöldum málfræðipáttum:
 - Nútið/pátíð
 - Núliðinni tíð
 - Þáliðinni tíð
 - Nafnorðum
 - Lýsingarorðum
 - Atviksorðum
 - Forsetningum
 - Fornöfnum

Námsefni:

- New Matrix Intermediate 2, lesbók og vinnubók. Hraðlestrarbækur af safni. Ljósrit.

Námsmat:

- Kaflapróf og munnleg próf 70%, vinna á önninni 30%

Íþróttir

Kennari: Ragna Dögg Ólafsdóttir

Á unglíngastigi er nauðsynlegt að tengja íþróttakennsluna í auknum mæli við fræðilega innlög, markvissa ástundun íþróttanna eða líkams- og heilsurækt. Þjálfar þarf nemendur í því að taka ábyrgð á eigin heilsu. Þjóða skal nemendum fjölbreytta þjálfun sem nær til alhliða líkams- og heilsuræktar, almenningsíþróttar og íþróttagreina. Á þessum árum er mikilvægt að búa nemendur markvisst undir að taka sjálfstæða ákvörðun við val á íþróttum og heilsurækt. . Nemendur eru með 2 kennslustundir á viku.

Markmið

Að nemendur:

tileinki sér helstu atriði sem einkenna heilbrigðan lífsstíl
öðlist skilning á mikilvægi íþróttar, útivistar og hreyfingar út frá félags- og menningarlegu sjónarmiði
öðlist þekkingu á áhrifum skipulagðrar þjálfunar á líkamann
geri sér grein fyrir hlutverki sínu sem fyrirmynd annarra og skilji mikilvægi hvatningar bæti sjálfsmýnd sína varðandi íþróttir, hreyfingu og útiveru

Viðfangsefni

Alhliða hreyfing verður í fyrirrúmi og reynt verður að kynna sem flestar íþróttagreinar. Þar á meðal eru:

- fimleikar
- frjálsar íþróttir
- körfuknattleikur
- knattspyrna
- blak
- handknattleikur
- badminton
- og fleiri greinar!

Námsmat

Mæting, virkni og framkoma.

Sund

Kennari: William Geir Þorsteinsson

Vikustundir: 1

Markmið:

- að nemendur viðhaldi sundfærni sinni með tilliti til breyttrar líkamsbyggingar
- að nemendur kynnist og nái grundvallarfærni í ýmsum möguleikum sundíþróttum
- að nemendur þjálfist enn frekar í fjölbreyttum samsettum hreyfingum arma og fóta
- að nemendur taki þátt í markvissri sundþjálfun sem líkams- og heilsurækt
- að nemendur taki þátt í leikjum sem efla félagslega samvinnu

9. sundstig

- a) 75 m þrísund (baksund, bringusund, skriðsund)
- b) 8 m kafsund
- c) fatasund eftir stungu af bakka og 50 m sund, þar af 6-8 m kafsund. Nemandi treður marvaða, afklæðist á sundi og syndir sömu vegalengd til baka
- d) 100 m bringusund á tíma
- e) 50 m skriðsund á tíma
- f) 25 m baksund á tíma
- g) 500 m viðstöðulaust sund með frjálstri aðferð

Námsmat:

Sundpróf

Hönnun og smíði – VAL

Kennarar: Stella Rut Axelsdóttir og Vilhelmina S. Smáradóttir

Í þessum tímum verður lögð áhersla á hönnun og sköpun nemenda. Nemendur hanna og vinna ýmis verkefni með aðstoð kennara.

Ljósmyndun – VAL

Kennari: William Geir Þorsteinsson

Lögð áhersla að nemendur læri á myndavélina sína og að taka betri myndir og vinni á ýmis forrit í eftirvinnslu. Nemendur vinna ýmis verkefni með aðstoð kennara.

Hönnun – saumar VAL

Kennarar: Þórfriður

Lögð áhersla á hönnun og sköpun nemenda. Endurnýtingu fata og að nemandinn sýni frumkvæði í sköpun. Nemendur hanna og vinna ýmis verkefni með aðstoð kennara.

Íþróttir – VAL

Kennari: William Geir Þorsteinsson

Lögð áhersla að nemendur fái virka hreyfingu í tímunum og farið verður í margskonar íþróttir. Unnið er með þá nemendur sem hafa áhuga að taka þátt í skólahreysti og þau æfð sérstaklega fyrir það.

10. bekkur

Umsjónarkennari Sigrún Júlía Geirsdóttir

Íslenska

Kennari: Sigrún Júlía Geirsdóttir

Stefnt er að því að nemandi í lok 10 bekkjar

Lestur

- hafi náð góðum tókum á lestri
- geti lesið texta með gagnrýnu hugarfari
- geti notfært sér ýmis konar upplýsingaefni.

Talað mál og framsögn

- hafi náð góðum tókum á framburði og framsögn.
- þekki algeng hugtök um framsögn og skýran málflutning.
- geti lesið laust og bundið mál áheyrilega

Ritun

- geti ritað skýrt mál af ýmsu tagi.
- kunni að ganga skipulega frá handskrifuðum texta jafnt sem á tölvutæku formi.

Bókmenntir

- hafi lesið og hlýtt á fjölbreytta íslenska bókmenntatexta, bæði forna og nýja.
- hafi fengið tækifæri til að nota algeng hugtök í umræðum um bókmenntir og texta.
- geti túlkað bókmenntatexta.

Málfræði

- geri sér grein fyrir grundvallaratriðum íslenska málkerfisins.
- hafi náð nokkurri leikni í að nota málfræðileg hugtök í umræðu um mál.
- hafi áhuga á móðurmálinu.

Námsefni

- Málfræði - lesin og unnin bókin Íslenska e. Jón Norland og Gunnlaug Snævarr
- Mályrkja III e. Höskuld Bráinsson og Silju Aðalsteinsdóttur.
- „Gauragangur“
- Íslendingasaga
- ljóðahefti frá kennara
- kjörbækur að eigin vali
- ítarefni frá kennara

Námsmat

- Annapróf: 40%
- Próf á önn: 10%
- Kjörbækur, munnleg og skrifleg skil: 10%
- „Gauragangur“: 20%
- Kennaraeinkunn: 10%

Tímar: 6 kennslustundir á viku.

Stærðfræði

Kennari: Grímur Magnússon

Nemandi:

Stærðfræði og tungumál

- lesi og skrifi háar og lágar tölur sem koma fyrir í texta, töflum og myndritum, ræðar tölur, mælitölur af ýmsu tagi og prósentur, lesi og skrifi um hækkun og lækkun, hlutfallslega breytingu og algengar óræðar tölur
- æfist í að skrifa eigin skilgreiningar á hlutum og hugtökum
- taki þátt í samstarfsverkefnum með bekkjarfélögum þar sem reynir á þessa færni og þátttöku hans í umræðum um lausnarleiðir og niðurstöður
- kynni eigin aðferðir og lausnir á verkefnum bæði munnlega og skriflega og noti skýringarmyndir og táknmál eftir því sem við á
- ræði um náttúrlegar tölur, heilar tölur og ræðar tölur og sambandið milli almennra brota, endanlegra tugabrota og lotubundinna tugabrota

Lausnir verkefna og þrauta

- kynnist því hvernig hægt er að leysa þraut með því að vinna sig til baka og nota form og gerð hugsanlegrar lausnar til að finna hver lausnin er
- fáist við þrautir sem leysa þarf með rakningar- eða þrepunaraðferðum

- temji sér, þegar lausn á verkefni er fundin, að athuga hverjar af forsendum þess eru raunverulega notaðar og hvort lausnaraðferðin dugir til að leysa önnur hliðstæð verkefni
- glími við verkefni og þrautir þar sem lausnarleiðir eru ekki augljósar fyrir fram; þrautirnar geti verið með eða án talna, gestaþrautir jafnt og þrautir sem mæta fólki í daglegu lífi
- glími við þrautir sem leystar eru með því að búa til jöfnur
- temji sér að vinna að lausnum þrauta í samstarfi við aðra nemendur með því að varpa fram hugmyndum og hjálpa öðrum að þróa eigin hugmyndir

Röksamhengi og röksemdafærslur

- kynnist einföldum sönnunum þar sem röksemdafærslur skipta meginmáli, t.d. reglu um hornasummu í marghyrningi og geti beitt henni á einfalda marghyrninga, s.s. fimmhyrning
- þjálfist í að koma auga á rökvillur
- öðlist góðan skilning á hugtökunum mengi, stak, hlutmengi, sammengi og sniðmengi
- öðlist svo góðan skilning á hugtökum og aðferðum í stærðfræði að honum sé samt að nota þau við röksemdafærslur bæði í mæltu og rituðu máli
- velti fyrir sér nokkrum rökfræðilegum þversögnum
- setji fram reiknirit sem t.d. lýsir vinningsleið í spili

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

- setji stærðfræðileg hugtök í samhengi við hversdagslega hluti til að öðlast betri skilning á þeim
- setji upp töflu og jöfnu um línulegt samband og teikni samsvarandi graf
- beiti stærðfræði í verkefnum sem snerta samskipti einstaklingsins við samfélagið, s.s. við afborganir af lánum sem breytast milli ára í hlutfalli við breytingu á lánskjaravísitölu
- kynnist því að í íslenskum fornritum eru merk fræði um tímatal
- kynni sér sögu táknafræðinnar

Tölur

- dragi ferningsrætur lágra ferningstalna með því að leysa þær upp í frumþætti
- einfaldi brotabrot
- þekki mengi náttúrlegra talna, heilla talna, ræðra talna og rauntalna, tákna þeirra, N, Z, Q og R, og skilji samsvörun milli punkta á línu og rauntalna
- vinni með stærsta samdeili og minnsta samfeldi, bæði með frumþáttun talna og þáttun á óþekktum stærðum

- rannsaki uppbyggingu talnakerfisins, t.d. með því að bera saman venjulega fjögurra stafa tölu ritaða í tugakerfi og margliðu á forminu $a \cdot x^3 + b \cdot x^2 + c \cdot x + d$
- leysi verkefni með tölum sem ekki eru ræðar, s.s. $\sqrt{2}$ og π , og geri sér grein fyrir að til eru tölur sem mæla lengd hvaða gefins striks sem er
- sjái sönnun þess að $\sqrt{2}$ er óræð tala og taki þátt í umræðum um hvað í henni felst
- sjái að nálgast má óræðar tölur með lengri og lengri tugabrotum og að nákvæmnin eykst eftir því sem tugabrotið er lengra

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

- öðlist góða tilfinningu fyrir tölum og stærðum og áhrifum reikniaðgerða á þær þannig að hann geti lagt mat á útkomu
- reikni algengan reikning með tölum á staðalformi
- vinni með tölurnar 0 og 1 sem hlutleysur í samlagningu og margföldun
- kunni skil á samlagningarandhverfum og margföldunarandhverfum, notfæri sér að deiling með tölu jafngildir margföldun með margföldunarandhverfu hennar og ræði hvers vegna talan 0 á sér ekki margföldunarandhverfu
- nái leikni í að reikna samsett dæmi af ýmsu tagi þar sem reikniaðgerðum er blandað saman við veldi og sviga
- nái góðum tókum á öllum aðgerðum á reiknivél sem nota þarf í verkefnum námsefnis í grunnskóla, þ.m.t. ferningsrót, veldi, π og minnistakka
- noti töflureikna til að rannsaka stærðfræðireglur og lögmál, t.d. reikna hornastærð reglulegra marghyrninga
- tileinki sér tækni til að reikna í huganum, m.a. með því að beita námundun eða dreifireglu, tengireglu og víxlreglu þar sem við á

Hlutföll og prósentur

- fáist við hlutföll við samanburð á stærðum og geti notað þau í útreikningum
- vinni áfram með hlutföll og mælikvarða á teikningum
- kynnist hlutföllum milli rúmmynda í einni, tveimur og þremur víddum
- nái góðum tókum á prósentureikningi
- fáist við prósentureikning sem tengist raðgreiðslum, launaútreikningum og afskriftum og beri saman afborgunarverð (t.d. með raðgreiðslum) og staðgreiðsluverð
- skoði launaseðil og þekki útreikninga tengda honum

Mynstur og algebra

- setji fram reglur um samband milli stærða með töflum, gröfum, formúlum og jöfnum og sýni góða innsýn í sambandið milli þessara mismunandi framsetningarháttá
- nái valdi á lausn fyrsta stigs jöfnu með einni óþekktri stærð

- tileinki sér aðferðir til að leysa saman tvær fyrsta stigs jöfnur með tveimur óþekktum stærðum
- leysi einföld orðadæmi með því að setja upp slíkar jöfnur
- leysi einfaldar annars stigs jöfnur með þáttun
- margfaldi upp úr svigum og þátti fyrsta og annars stigs margliður
- noti veldareglur um heiltöluveldi í margvíslegu samhengi
- einfaldi margvíslegar táknaðstærðir og geri skýran greinarmun á jöfnum og stærðum
- noti táknað algebru til að lýsa reglum í talna- og rúmfræðimynstrum

Rúmfræði

- tileinki sér hugtökin strýta, kúla og keila, geti lýst þeim í mæltu máli og með teikningum og reiknað rúmmál þeirra
- vinni með einslögum flatarmyndum og tengsl þeirra við hlutföll
- sýni góðan skilning á metrakerfinu hvað varðar mælingu flatar- og rúmmynda og hafi kynnst öðrum einingum (t.d. þumlungum, mílum og ekrum)
- sýni góðan skilning á hugtakinu rúmmál, kunni reglur um helstu rúmmálsreikninga og geti beitt þeim
- þekki samsvörun milli rúmmáls og mælieininga fyrir vökva og geti breytt þar á milli
- sýni skilning á hugtakinu yfirborðsmál og geti beitt reglum um útreikninga á yfirborðsmáli einfaldra rúmmynda, t.d. strendinga, sívalnings og píramída
- lesi jöfnu beinnar línu, setji hana fram í hnitakerfi og kunni að lesa úr jöfnunni hallatölu og skurðpunkt við y-ás
- sýni þekkingu bæði á rúmfræðilegri og algebrulegri túlkun á hallatölu línu
- geti athugað hvort línur skerast og reiknað skurðpunkta þeirra
- geti ákvarðað línu samsíða tiltekinni línu gegnum gefinn punkt og línu hornrétt á tiltekna línu gegnum gefinn punkt
- kynnist ferli annars stigs falls, þ.e. fleygboga
- kynnist sönnun á reglu Pýþagórasar, útskýri hana og beiti henni á rétthyrnda þríhyrninga

Tölfræði og líkindafræði

- sýni þekkingu og skilning á hugtökunum tíðni, hlutfallstíðni, tíðnidreifing, meðaltal, vegið meðaltal, úrtak, tíðasta gildi og miðgildi
- ræði um hugtakið úrtak, hvað er handahófsúrtak og hvers kyns skekkjur gætu komið fram ef ekki væri um að ræða handahófsúrtak
- álykti og tjái sig um tölfræðilegar upplýsingar, meti ályktanir sem dregnar eru af gögnum og kynnist því sem þarf að varast þegar slíkar ályktanir eru dregnar
- fáist við skilyrt líkindi
- sýni þekkingu á mun á fræðilegum líkum, líkum sem leiddar eru af tilraunum og huglægu mati á líkum án tilrauna

- reikni líkur í einföldum tilvikum þar sem einungis endanlega margar útkomur koma til greina

Námsefni

Almenn stærðfræði III, Algebra ,Stærðfræði (Leikni almenn og Leikni í algebru), tölvuforrit, stærðfræðivefir.

Viðbótarefni m.a. Námsefni framhaldsskóla, þrautir og þrautalausnir

Námsmat

Það sem er lagt til grundvallar námsmati er eftirfarandi:

- Verkefnaskil, heimanám, frammistaða í tímum, ástundun, kannanir og próf.
- Nemendur taka kannanir þegar þeir hafa lokið ákveðnum námsþáttum.
- Annapróf eru og einkunnir í haust- og miðönn er ætlað að vera forspá um gengni í samræmdu prófi og ekkert tillit tekið til vetrarvinnu.
- Skólaprófseinkunn er samsett úr gengni í tímum, heimavinnu, skilum á verkefnum og öðru mati kennara (50% alls) og svo vorprófseinkunn (50%)

Íþróttir

Kennarar: William Geir Þorsteinsson og Ragna Dögg Ólafsdóttir

Á unglingsstigi er nauðsynlegt að tengja íþróttakennsluna í auknum mæli við fræðilega innlögn, markvissa ástundun íþróttanna eða líkams- og heilsurækt. Þjálfar þarf nemendur í því að taka ábyrgð á eigin heilsu. Þjóða skal nemendum fjölbreytta þjálfun sem nær til allhliða líkams- og heilsuræktar, almenningsíþróttar og íþróttagreina. Á þessum árum er mikilvægt að búa nemendur markvisst undir að taka sjálfstæða ákvörðun við val á íþróttum og heilsurækt. Nemendur eru með 3 kennslustundir á viku.

Markmið

Að nemendur:

tileinki sér helstu atriði sem einkenna heilbrigðan lífsstíl

tileinki sér slökunartækni

öðlist skilning á mikilvægi íþróttar, útivistar og hreyfingar út frá félags- og menningarlegu sjónarmiði

öðlist þekkingu á áhrifum skipulagðrar þjálfunar á líkamann

geri sér grein fyrir hlutverki sínu sem fyrirmynd annarra og skilji mikilvægi hvatningar

bæti sjálfsmynd sína varðandi íþróttir, hreyfingu og útiveru

Viðfangsefni

Allhliða hreyfing verður í fyrirrúmi og reynt verður að kynna sem flestar íþróttagreinar.

Þar á meðal eru:

fimleikar

frjálsar íþróttir

körfuknattleikur

knattspyrna

blak

handknattleikur

badminton

og fleiri greinar!

Námsmat

Mæting, virkni og framkoma.

Sund

Kennari: Stefanía Freysteinsdóttir

Vikustundir: 1

Markmið:

- að nemendur viðhaldi sundfærni sinni með tilliti til breyttrar líkamsbyggingar
- að nemendur nái tökum á ýmsum möguleikum sundíþróttum
- að nemendur þjálfist enn frekar í fjölbreyttum samsettum hreyfingum arma og fóta með mismunandi útfærslu
- að nemendur taki þátt í markvissri sundþjálfun sem líkams- og heilsurækt
- að nemendur taki þátt í fjölbreyttum leikjum sem efla félagslega samvinnu
- að nemendur finni sér íþrótt eða líkams- og heilsurækt við hæfi
- að nemendur skipuleggi eigin þjálfun í ákveðinn tíma
- að nemendur öðlist þekkingu á mikilvægi upphitunar og niðurlags í sundi og öðrum íþróttagreinum

10. sundstig

- a) 50 m bringusund b) 12 m kafsund
- c) marvaði troðinn í 30 sek og björgun jafningja. Björgunarvegalengd 25 m
- d) 100 m bringusund á tíma
- e) 50 m skriðsund á tíma
- f) 50 m baksund á tíma
- g) 25 m flugsund á tíma
- h) 600 m viðstöðulaust sund, innan 20 mín, með frjálstri aðferð

Námsmat

Sundpróf

Náttúrufræði

Kennari: Lilja Guðný Jóhannesdóttir

Líffræði – erfða- og þróunarfræði

Nemandi á að:

- læra um DNA, gen og litninga
- þekkja og geta beitt hugtökum úr erfðafræði t.d. víkjandi og ríkjandi, arfhreinn og arfblendinn
- vinna útreikninga sem sýna líkur á því að erfðaeiginleiki erfist frá einni kynslóð til annarrar og kynnist þannig hugmyndum Mendels
- geta útskýrt erfðir, blóðflokka o.fl.
- kynnast þróunarkenningu Darwins og hver eru helstu áhrif hennar á heimsmynd mannsins

- geta lýst því hvaða þættir eru taldir hafa áhrif á náttúruval
- ræða um genasplæsingar, kynbætur búpenings, gerð og notagildi genakorts mannsins, hugmyndir um erfðalækningar, einnig út frá siðfræðilegum sjónarmiðum
- geta skýrt kenningar um þróun lífs á jörðinni og stuðst við líffræðileg rök og steingervinga

Námsefni:

- Erfðir og þróun e. D. Hurd, E.B. Snyder, G.F. Matthias, J.D. Wright, S.M. Johnson

Líffræði – mannlíkaminn

Nemandi á að:

- átta sig á þeim breytingum sem eiga sér stað á kynþroskaskeiðinu
- fræðast um það hvernig maðurinn fjölgar sér
- átta sig á því að kynhneigðin er mismunandi
- fræðast um getnaðarvarnir og kynsjúkdóma
- læra um þroskun manns frá fæðingu til dauða
- öðlast skilning á því hvernig umbunarkerfi líkamans verkar
- læra að þekkja hvað vímuefni eru og hvernig þau verka á líkamann
- vita hvað fíkn er og „kikk“

Námsefni:

- Mannlíkaminn e. S. Fabricius, F. Holm, R. Martensson, A. Nilsson, A. Nystrand – 6. og 7. kafli

Efnafræði

Nemandi á að:

- vita að þekkja má efni á ákveðnum sérkennum þeirra eins og eðlismassa, suðumarki og bræðslumarki
- þekkja uppbyggingu frumeinda
- skilja hugtakið frumefni og þekkja hvernig frumefnum er raðað í ákveðið kerfi, lotukerfi
- skilja hvernig sameindir frumefna og efnasambanda myndast
- geta lýst efnum með sameindaformúlum, byggingarformúlum og líkönum
- geta lýst efnahvörfum með
 - efnajöfnum
 - orðum
 - geta beitt þekkingu sinni á sérkennum og uppbyggingu efna við ýmis verkefni

Námsefni:

- Efnisheimurinn e. Hafþór Guðjónsson

Þjóðfélagsfræði

Kennari: Egill Arnaldur Ásgeirsson

Markmið:

Á lokaári í grunnskóla er staldrað við og hugað að stöðu nemandans sem lýkur skyldunámi sínu. Fram undan er ákvörðun um frekara nám eða störf. Stefnt er að því að nemendur geti svarað eftirfarandi spurningum: Hver er ég? Hver eru réttindi mín og skyldur? Hverjir ráða í samfélaginu? Og hvernig erum við stödd í heiminum, við sem búum á Íslandi? Til að fá svör við þessum spurningum þá verður farið yfir öll lög samfélagsins, frá einstaklingnum til alþjóðasamfélagsins.

Námsgögn:

Þjóðfélagsfræði. Garðar Gíslason.

Ítarefni frá kennara

Námsmat:

Námsmat er byggt á hlutaprófum (40%), ritgerðum (30%), vinnu nemenda í tímum og á verkefnum (30%).

Danska

Kennari: Grímur Magnússon

Almenn markmið

Nemandi á að:

- skilja almennt talað mál sem hæfir aldri hans, þroska og áhugasviði
- beita markvissum aðferðum til að auka orðaforða sinn
- geta tjáð sig munnlega um dagleg málefni á einfaldan hátt við ákveðnar aðstæður
- þjálfast í að lesa venjulegt ritað mál sér til gagns og ánægju og beita mismunandi lestraraðferðum
- skrifa einfaldan texta, einkum í hagnýtum tilgangi.
- beita meginreglum í málnotkun og málfræði
- fá innsýn í siði, venjur og menningu hinna Norðurlandþjóðanna.

Námsefni:

Ekko lesbók, vinnubók og hljóðsnældur.

Léttlestrarbækur.

Hvad siger du? Hlustunarefni.

Dönsk málfræði,

**I talehjørnet,
Krossgátur
Efni af Netinu**

Valdar kvikmyndir, efni af námsvefum og tölvuverkefni.

Námsmat

Tvö annapróf verða.

- Haustannarpróf.
- Vorpróf (skólapróf).

Í lok vorannar í maí.

- Skólaeinkunn er síðan byggð á þessum prófum, auk skyndiprófa, vinnusemi og ástund.
- Unnin ritgerð úr léttlestrarbók/kvikmynd og verkefni.

Allir nemendur í 10. bekk þurfa að hafa aðgang að dansk-íslenskri orðabók heima hjá sér.

Lífsleikni og bekkjarfundur

Kennari: Sigrún Júlía Geirsdóttir

Nemandi á að:

- tileinka sér samskipti og framkomu í anda Olweusar
- vera meðvitaður um að siðvit og ábyrgð, gagnkvæm virðing og persónuréttur eru helstu mælikvarðar á siðferði og kynhegðun hvers og eins
- vera meðvitaður um jafnréttis- og mannréttindahugsjónir sem leiðarljós í öllum samskiptum
- vera meðvitaður um ábyrgð og leiðsögn foreldra í:
 - uppeldi barna sinna
 - mótun lífsgilda þeirra
 - miðlun menningar á milli kynslóða
- geta sett sér raunhæf markmið til að stefna að í lífinu
- meta á sjálfstæðan hátt eigin lífsgildi og lífsstíl óháð fyrirmyndum og staðalmyndum samfélagsins
- öðlast skilning á atvinnulífinu í samhengi við námsleiðir og starfsval
- nýta ráðgjöf um náms- og starfsleiðir
- þekkja hættur samfara misnotkun lyfja sem notuð eru til lækninga
- geta greint og rökrætt áhrifamátt auglýsinga og gert sér grein fyrir óbeinum áróðri fjölmiðla

- geta nýtt sér helstu fjölmiðla og lagt mat á fréttáflutning
- gera sér grein fyrir hvað felst í orðinu borgaravitund og lýðræði
- geta útskýrt mun einkarekstrar og opinbers rekstrar
- kunna skil á einföldum launaseðlum og skilji reikningsyfirlit
- geta reiknað kostnað vegna afborgana
- þekkja ýmsar sparnaðar- og ávöxtunarleiðir
- stunda innihaldsríka tómstundaiðju og fylgi viðeigandi öryggisatriðum í tómstundum
- þekkja til ýmissa laga og reglna sem stuðla eiga að verndun umhverfis, mannvirkja og náttúru
- hafa tileinkað sér ábyrg sjónarmið og umgengni við nánasta umhverfi sitt og náttúru landsins
- vera meðvitaður um hættur í umferðinni sem skapast af miklum hraða
- þekkja grundvallaratriði skyndihjálpar

Námsefni:

- Leiðarvísir um uppbyggingu sjálfsgaga e. Joel Shimoji. Ýmiss konar efni sem kennari ténir til: myndbönd, greinar og bækur

Námsmat:

- Metin verður virkni nemenda í tímum.

Enska

Kennari: Sigrún Júlía Geirsdóttir

Nemandi á að:

- geta skilið fyrirhafnarlítið þegar talað er á eðlilegum hraða um málefni sem hann þekkir
- geta lesið og skilið aðgengileg bókmenntaverk.
- geta nýtt sér orðabækur.
- geta skrifað samfellda og skipulega texta, s.s. ritgerðir
- geta beitt eftirtöldum málfræðiatríðum
 - Tíðum sagna
 - Nafnorðum
 - Lýsingarorðum
 - Greini
 - Atviksorðum
 - Forsetningum
 - Fornöfnum

Námsefni

- New Matrix Intermediate, vinnubók og lesbók
- English T'n'T
- Hraðlestrarbækur
- Annað efni frá kennara
- Allir nemendur ættu að hafa aðgang að góðri ensk-íslenskri orðabók

Námsmat

Bókaskýrslur 20%
Kaflapróf 45%
Annapróf 35%

Vettvangsnám – Starfsfræðsla

Kennari: Lilja Guðný Jóhannesdóttir

Nemandi á að:

- Fá tækifæri á að kynnst atvinnulífi í heimabyggð af eigin raun.
- Fá möguleika á að ákveða sér framtíðar starfsvettvang.
- Taka afstöðu til eigin framtíðar.
- Kynnst mismunandi starfsstéttum.
- Vinna að sjálfsskoðun á ýmsan hátt.

Námstilhögun:

- Nemendur velja sér fyrirtæki til að kynna návar.
- Nemendur fara 3 sinnum á hvern vinnustað, ca. 2 klst. í senn. Nemendur skila skýrslu frá vinnustaðnum.

Námsmat:

- Einkunnir eru gefnar fyrir skýrslur úr vettvangsnámi.

Hönnun og smíði – VAL

Kennarar: Stella Rut Axelsdóttir og Vilhelmlína S. Smáradóttir

Í þessum tímum verður lögð áhersla á hönnun og sköpun nemenda. Nemendur hanna og vinna ýmis verkefni með aðstoð kennara.

Ljósmyndun – VAL

Kennari: William Geir Þorsteinsson

Lögð áhersla að nemendur læri á myndavélina sína og að taka betri myndir og vinni á ýmis forrit í eftirvinnslu. Nemendur vinna ýmis verkefni með aðstoð kennara.

Hönnun – saumar VAL

Kennarar: Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir

Lögð áhersla á hönnun og sköpun nemenda. Endurnýtingu fata og að nemandinn sýni frumkvæði í sköpun. Nemendur hanna og vinna ýmis verkefni með aðstoð kennara.

Íþróttir - VAL

Kennari: William Geir Þorsteinsson

Lögð áhersla að nemendur fái virka hreyfingu í tímunum og farið verður í margskonar íþróttir. Unnið er með þá nemendur sem hafa áhuga að taka þátt í skólahreysti og þau æfð sérstaklega fyrir það.